

# Háskólagátt



Frumgreinanám Háskólans á Bifröst  
Samvinna, frumkvæði, ábyrgð

## Námskrá Háskólagáttar

Staðnám og fjarnám

Gildir frá og með skólaárinu 2019 - 2020

**Nafn námskrár:**

Háskólagátt – Aðfararnám Háskólans á Bifröst

**Tengiliður:**

Forstöðumaður Háskólagáttar

**Lengd náms:**

Tvær til fjórar annir

**Fjöldi eininga:**

Almenn leið: 62 – 77 f-einingar

Almenn leið með áherslu á verslunarfræði: 80 f-einingar

**6. útgáfa apríl 2019**

## Efnisyfirlit

Almennt um námið.....	5
Inntökuskilyrði .....	6
Kennsluhættir .....	6
Námsframvinda.....	7
Sniðmát fyrir námslok í Háskólagátt á hæfniprepi 3.....	7
Sniðmát fyrir námslok í Háskólagátt með áherslu á verslun og þjónustu á hæfniprepi 3 .....	7
Kennsluhættir .....	10
Námsmat.....	11
Hæfniviðmið.....	12
Þekking.....	12
Leikni .....	12
Hæfni .....	13
Áfangalýsingar .....	14
550.5.0.ÍSL1 - Íslenska I .....	14
550.5.0.ÍSL2 - Íslenska II.....	15
550.5.0.ÍSL3 - Íslenska III.....	16
550.5.0.ÍSL4 - Íslenska IV .....	18
550.4.0.STÆ1 – Stærðfræði I.....	20
550.5.0.STÆ2 - Stærðfræði II .....	21
550.5.0.STÆ3- Stærðfræði III.....	22
550.5.0.STÆ4 - Stærðfræði IV .....	24
550.5.0.STÆ4 - Stærðfræði V.....	25
550.5.0.ENS2 - Enska II.....	28
550.5.0.ENS3 - Enska III .....	30
550.4.0.DANS - Danska.....	31
550.5.0.BÓKF - Bókfærsla.....	32
550.4.0.LÖGF - Lögfræði .....	33
550.4.0.SKAG - Skapandi og gagnrýnin hugsun .....	34
590.5.0.THLE – Þjóðríkið, lýðræðið og efnahagslífið .....	35
550.3.0.UPP1 - Upplýsingatækni .....	36
570.5.0.FJML – Fjármál.....	37
570.5.0.RHVE – Rekstrarhagfræði verslana .....	38
570.5.0.MARK – Markaðsfræði.....	39
570.5.0.VEVÖ - Verslunarfræði og vörustjórnun.....	40

570.5.0.STSA - Stjórnun og samstarf.....	43
570.5.0.GTJS - Gæðamál, þjónusta og sala.....	44
Námstækni.....	46
550.1.0.ELMS - Endurlit og markmiðasetning .....	45


## Almennt um námið

Námskrá þessi lýsir innihaldi náms í Háskólagátt í Háskólanum á Bifröst. Hún fylgir aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 og byggir á sömu sex grunnþáttum (leiðarljósum) sem gert er ráð fyrir að fléttist inn í nám á framhaldsskólastigi en þau endurspeglar menntastefnu íslenskra stjórnvalda. Þessir þættir eru: *Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun*.<sup>1</sup> Háskólinn á Bifröst fylgir þessum leiðarljósum í skipulagningu náms í Háskólagátt sem hefur það hlutverk að búa nemendur undir nám á háskólastigi í greinum hug- og félagsvísinda. Háskólagátt veitir alhliða undirbúning fyrir háskólanám. Námsframboð og kennsluáferðir eru hinsvegar mótaðar í ljósi gilda og stefnu Háskólans á Bifröst. Til viðbótar við þau leiðarljós sem móta framhaldsskólanám almennt, byggir skólinn á stefnu sinni, en í henni er sérstök áhersla á *ábyrga leiðtogamenntun, sjálfbærni og skapandi og gagnrýna hugsun*. Grunnildir skólans eru: *Samvinna, frumkvæði og ábyrgð*. Allir þessir þættir fléttast inn í námið með mismunandi hætti.

Á mynd 1 má sjá hvar Háskólagátt Háskólans á Bifröst er staðsett í íslensku menntakerfi. Náminu er fyrst og fremst ætlað að búa nemendur undir háskólanám eða styrkja þá inn á atvinnumarkaðinn. Nemendur útskrifast með þekkingu, leikni og hæfni á þriðja hæfniprepi framhaldsskólastigsins.

Námið á að koma til móts við þarfir nemenda sem einhverra hluta vegna hafa ekki unað sér í hefðbundnu námsumhverfi framhaldsskólanna, hafa ekki klárað stúdentspróf en vilja undirbúa sig fyrir krefjandi háskólanám eða styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Lögð er áhersla gagnrýna hugsun og frumkvæði nemenda. Háskólinn á Bifröst vill bjóða upp á samfélag þar sem nemendur geta í senn aflað sér þeirrar grunnmenntunar sem háskólar krefjast og lifað uppbyggilegu og innihaldsríku lífi. Búseta á Bifröst gerir að verkum að skólinn er ekki aðskilinn frá öðrum þáttum í lífi nemenda eins og til dæmis fjölskyldu og nærumhverfi heldur er allt samfélag nemenda ein heild að skólanum meðtöldum. Nemendur sem stunda fjarnám í Háskólagátt taka þátt í skipulögðum námslotum með reglulegu millibili á námstímanum og kynnast því einnig Háskólaþorpinu þótt þeir búi þar ekki. Fjarnemar hitta kennara og samnemendur á vinnuhelgum sem fylgja hverjum námsáfangi.

Í námi Háskólagáttar er höfuðáhersla lögð á færni nemenda í grunngreinum framhaldsskólans, íslensku,



Mynd 1 Háskólagátt í íslensku menntakerfi

<sup>1</sup> Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti 2011, bls. 14.

ensku og stærðfræði. Auk þessara grunngreina leggja nemendur stund á greinar sem miðast sérstaklega við þarfir þeirra sem hyggjast stunda háskólanám á sviði félags- og hugvísinda.

## Inntökuskilyrði

Til þess að eiga kost á að hefja nám í Háskólagátt þurfa nemendur að vera orðnir 23 ára og hafa að jafnaði lokið 118-140 framhaldsskóla einingum (f-ein) samkvæmt núgildandi einingakerfi, eða sýni fram á sambærilega þekkingu, leikni og hæfni, sem dreifist að mestu yfir á hæfniprep 1 og 2 hvort sem um er að ræða kjarnagreinar eða aðra áfanga sem lokið er áður en nám hefst í Háskólagátt. Það jafngildir um það bil 70-90 einingum samkvæmt gamla einingakerfinu.

Ef umsækjandi uppfyllir ekki inntökuskilyrði en býr yfir töluverðri starfsreynslu gefst honum kostur á að leggja fram niðurstöður raunfærnimats sem metur jafngilda reynslu og menntun. Leggi umsækjandi fram gilt raunfærnimat tekur skólinn mið af því við meðhöndlun umsóknar.<sup>2</sup>

Nám í Háskólagátt er lánshæft hjá LÍN sjá nánar á [www.lin.is](http://www.lin.is)

## Kennsluhættir

Nám í Háskólagátt er skipulagt með tilliti til þess að búa nemendur undir nám á háskólastigi í greinum hug- og félagsvísinda, einnig til þess að veita undirstöðumenntun á framhaldsskólastigi til að styrkja einstaklinga út á vinnumarkaðinn. Kenndar eru þrjár kjarnagreinar; íslenska, stærðfræði og enska auk fjögurra áherslugreina; bókfærslu, lögfræði (stoðir réttarríkisins), dönsku og heimspeki (skapandi og gagnrýnin hugsun). Auk þess taka nemendur styttri námskeið í upplýsingatækni og nýsköpun þar sem leitast er við að þjálfa þá í aðferðum og hugsunarhætti sem endurspeglar það sem efst er á baugi í háskólamenntun og atvinnulífi. Þemavinna er fléttuð inn í námskeið Háskólagáttar og takast nemendur á við verkefni sem tengjast grunnþáttum aðalnámskrár *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun*. Þemavinnan gerir nemendum kleift að vinna með námsefni á fjölbreyttari og gagnrýnni hátt en námskeiðin ein leyfa. Einnig er lögð áhersla á námstækni, markmiðasetningu og framkomu, tjáningu og verkefnastjórnun.

Mikilvægt er að nemendur hafi heildarsýn á nám sitt frá upphafi. Það styrkir þá við að setja sér markmið og velja áherslur í samræmi við það sem þeir vilja fá út úr náminu. Þess vegna er unnið að markmiðssetningu með nemendum í fyrstu viku haustannar um leið og nemendahópurinn kynnist og fær þjálfun í grunnatriðum upplýsinga- og námstækni. Í fyrstu viku vorannar eru markmiðin endurskoðuð fyrir komandi önn.

Á vorönn fá nemendur tækifæri til sjálfsmats með stuðningi leiðbeinenda og fara yfir valkosti um háskólanám og störf. Námsráðgjafi vinnur með nemendum og aðstoðar þá við spurningar um styrkleika, áhugasvið og fleira sem að gagni kann að koma.

Námið er skipulagt í lotum sem felur í sér að námsgreinar verða kenndar að jafnaði í sex vikna lotum með prófum í sjöundu viku. Þó eru nokkur námskeið, eðlis þeirra vegna, ýmist kennd í

---

<sup>2</sup> Umsækjendur sem hafa náð 23 ára aldri og hafa amk. 3 ára starfsreynslu geta snúið sér til símenntunarmiðstöðva vegna raunfærnimats.

styttri eða lengri lotum. Lengri lotur ná yfir 13 vikur, 12 vikur í kennslu og ein vika í námsmat. Styttri lotur ná yfir þrjár til sex vikur og eru þær án námsmatsviku. Auðveldara verður fyrir nemendum að einbeita sér að þeim námsgreinum sem þeir taka hverju sinni og álag á nemendur verður jafnara yfir kennslutímabilið. Notaðar eru nútíma kennsluáferðir og þ.á.m. vendikennsla en það gefur kennurum og nemendum aukið svigrúm til að staldra við flókin viðfangsefni, allt eftir þörfum nemenda hverju sinni. Þá er lagt upp úr góðum fríum milli námstarna sem hjálpar nemendum að hafa skýrari skil milli náms og fjölskyldulífs.

## Námsframvinda

Nám í Háskólagátt er 62 - 80 f-ein nám. Námið tekur tvær til fjórar annir og hefst á haustönn. Námsframvinda skal vera [samkvæmt reglum um nám og kennslu í Háskólanum á Bifröst](#).

Tvær námslínur eru í boði í Háskólagátt í stað- og fjarnámi:

- Háskólagátt
- Háskólagátt með áherslu á verslun og þjónustu

### Sniðmát fyrir námslok í Háskólagátt á hæfniprepi 3

Hér gefur að líta sniðmát<sup>3</sup> fyrir skiptingu almenns náms í Háskólagátt í hæfniprep. Hafa ber í huga að hér er gert ráð fyrir 66 f-ein sem fullu námi í Háskólagátt auk þeirra 140 sem nemendur eiga að hafa lokið með einum eða öðrum hætti. Sniðmátið greinir frá dreifingu náms á hæfniprep innan þeirra 66 f-ein sem Háskólagátt inniheldur.

Hæfniprep	F-ein	Hlutfall	Lágmark	Hámark
1	22	33%	17%	33%
2	29	44%	33%	50%
3	15	23%	17%	33%
4	0	0%	0%	10%
	66	100%		

### Sniðmát fyrir námslok í Háskólagátt með áherslu á verslun og þjónustu á hæfniprepi 3

Hér gefur að líta sniðmát<sup>4</sup> fyrir skiptingu náms í hæfniprep í Háskólagátt með áherslu á verslun og þjónustu. Hafa ber í huga að hér er gert ráð fyrir 84 f-ein námi í Háskólagátt auk þeirra 118 sem nemendur eiga að hafa lokið með einum eða öðrum hætti. Sniðmátið greinir frá dreifingu náms á hæfniprep innan þeirra 84 f-ein sem Háskólagátt með áherslu á verslun og þjónustu inniheldur.

Kjarnagreinar íslenska, enska og stærðfræði eru 44 f-einingar og greinar með áherslu á verslun og þjónustu eru 40 f-einingar.

---

<sup>3</sup> Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti 2011, bls. 55

<sup>4</sup> Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti 2011, bls. 55

Hæfniprep	F-ein	Hlutfall	Lágmark	Hámark
1	25	30%	17%	33%
2	40	46,5%	33%	50%
3	20	23,5%	17%	33%
4	0	0%	0%	10%
	84	100%		

### Skipulag náms: Almenn leið og almenn leið með áherslu á félagsvísindi

Kjarnagreinarnar eru samtals 44 f-ein. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið að minnsta kosti fimm f-ein í íslensku, stærðfræði og ensku á fyrsta hæfniprepi. Íslenska er 15 f-ein, þar af tíu f-ein á þriðja þrepi. Stærðfræði er 19 f-ein, þar af 10 f-ein á 3. þrepi og enska 10 f-ein og þar af 5 f-ein á 3. þrepi.

Nemendur sem hyggja á nám í BA í miðlun og almannatengslum eða BA í opinberri stjórnsýslu geta valið að taka námskeiðið *Þjóðríkið, lýðræðið og efnahagslífið* í stað *Stærðfræði IV* og útskrifast þá úr Háskólagátt með áherslu á félagsvísindi.

### Námsferill, Háskólagátt – fullt nám almenn leið/áhersla á félagsvísindi

Haustönn	Fein	Þrep	Vorönn	Fein	Þrep
Endurlit og markmiðasetning	1	1	Endurlit og markmiðasetning	1	1
Skapandi og gagnrýnin hugsun	4	1	Bókfærsla	5	1
Upplýsingatækni	3	1	Íslenska III	5	3
Íslenska I	5	2	Stærðfræði III/ Þjóðríkið, lýðræðið og efnahagslífið <sup>5</sup>	5	2
Íslenska II	5	2	Stærðfræði IV	5	3/2
Stærðfræði I	4	1	Enska II	5	3
Stærðfræði II	5	2	Lögfræði	4	1
Enska I	5	2			
Danska	4	2			
Samtals fein	36		Samtals fein	30	

### Námsferill: Háskólagátt með vinnu, almenn leið/með áherslu á félagsvísindi

Haustönn 1. Ár	Fein	Þrep	Vorönn 1. ár	Fein	Þrep
Endurlit og markmiðasetning	1	1	Endurlit og markmiðasetning	1	1
Skapandi og gagnrýnin hugsun	4	1	Bókfærsla	5	1
Upplýsingatækni	3	1	Íslenska III	5	3
Íslenska I	5	2	Lögfræði	4	1
Íslenska II	5	2			
Danska	4	2			
Samtals fein	22		Samtals fein	15	

<sup>5</sup> Frá og með skólaárinu 2019-2020 verður námskeiðið *Þjóðríkið, lýðræðið og efnahagslífið* í boði fyrir nemendur sem hyggja á BA nám í margmiðlun og almannatengslum og BA í stjórnsýslu að taka námskeiðið.



Haustönn 2. ár	Fein	Prep	Vorönn 2. ár	Fein	Prep
Stærðfræði I	4	2	Stærðfræði III/ Þjóðríkið, lýðræðið og efnahagslífið	5	2
Stærðfræði II	5	2	Stærðfræði IV	5	3/2
Enska I	5	2	Enska II	5	3
<b>Samtals fein</b>	<b>14</b>		<b>Samtals fein</b>	<b>15</b>	

Á sumarönn gefst nemendum kostur á að bæta við sig 15 f-ein í kjarnagreinum. Sumarönnin er hugsuð fyrir nemendur sem vilja undirbúa sig sérstaklega fyrir háskólanám og þá sem þurfa að bæta við sig námsgreinum til að uppfylla sértæk inntökuskilyrði annarra háskóla.

Sumarönn	Fein	Prep
Stærðfræði V	5	4
Íslenska IV	5	4
Enska III	5	3
<b>Samtals fein</b>	<b>15</b>	

### Skipulag náms: Áhersla á verslun og þjónustu

Kjarnagreinarnar eru samtals 40 f-ein. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið að minnsta kosti fimm f-ein í íslensku, stærðfræði og ensku á fyrsta hæfniprepi. Íslenska er 15 f-ein, þar af tíu f-ein á þriðja þrepi. Stærðfræði er 15 f-ein, þar af 10 f-ein á 3. þrepi og enska 10 f-ein og þar af 5 f-ein á 3. þrepi.

Sérhæfing námsins kemur fram í námskeiðum sem kennd eru á fyrsta ári.

Nemandi getur valið um námslok að loknu námi í greinum verslunar og þjónustu og útskrifast þá á hæfniprepi 2.

Haustönn 1. ár	Fein	Prep	Vorönn 1. ár	Fein	Prep
Endurlit og markmiðasetning	1	1	Endurlit og markmiðasetning	1	1
Upplýsingatækni	3	1	Bókfærsla	5	1
Kaupmennska og vörustjórnun	5	1	Fjármál	5	2
Rekstrarhagfræði verslana	5	1	Gæðamál, þjónusta og sala	5	2
Markaðsfræði	5	2	Stjórnun og samstarf	5	3
<b>Samtals fein</b>	<b>19</b>		<b>Samtals fein</b>	<b>21</b>	

Haustönn 2. ár	Fein	Prep	Vorönn 2. ár	Fein	Prep
Íslenska I	5	2	Íslenska III	5	3
Íslenska II	5	2	Stærðfræði III	5	2
Stærðfræði I	4	1	Stærðfræði IV	5	3
Stærðfræði II	5	2	Enska II	5	3
Enska I	5	2			
<b>Samtals fein</b>	<b>24</b>		<b>Samtals fein</b>	<b>20</b>	

## Kennsluhættir

Í grunnatriðum taka kennsluhættir mið af þeim aðferðum sem tíðkast í framhaldsskólum landsins ásamt þeirri þróun og nýsköpun sem þar fer fram. En þar sem Háskólagátt starfar sem hluti af háskólastofnun mótast starfsemi hennar ekki síður af áherslum háskólans og af því hlutverki hennar að veita nemendum marvissan undirbúning fyrir háskólanám.


Þannig er lögð áhersla á sjálfstæða, skapandi og gagnrýna hugsun, glímu við raunhæf verkefni og vinnu að lausn vandamála. Námið og reynslan sem því tengist stuðlar að agaðri hugsun og vinnulagi. Þá hefst samvinna við fyrirtæki og stofnanir í Háskólagátt sem ræktuð er áfram í háskólanámi á Bifröst.

Í öllu námi við Háskólann á Bifröst er áhersla lögð á hópvinnu og raunhæf verkefni sem tengjast samfélagi, viðskiptalífi, réttarkerfi og stofnunum og þetta á einnig við um námið í Háskólagátt. Námsmat er byggt á stöðugri verkefnavinnu sem þjálfar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum. Hópastarf er mikilvægur þáttur námsins, svo og teymisvinna, en með þessu reynir skólinn að taka mið af þeim vinnuaðferðum sem tíðkast á vinnumarkaðnum almennt.

Í námsferlinu er hugað að aðferðum sem byggja á sköpun ekki síður en greiningu og gagnrýni. Hugmyndafræði námsins fléttar saman greiningar- og sköpunarfærni þar sem litið er á nám sem virkt sköpunarferli. Þar er meðal annars byggt á menntunarkenningum Johns Dewey og þeim hugmyndum sem efst eru á baugi í menntunarfræðum samtímans.

HópaVinna er mikilvægur hluti námsins og sú þjálfun sem hún veitir er eitt af markmiðum þess. Þá er ekki síður lagt kapp á einstaklingsmiðaða kennslu og þjálfun. Hlutverk leiðbeinenda/kennara er því ekki síst að auðvelda og hjálpa til við námið með leiðsögn og endurgjöf í tengslum við verkefnavinnu. Nemandinn ber þó á endanum sjálfur ábyrgð á því að nýta sér umhverfi skólans sem best til að ná árangri.

Nám á Bifröst er reynsluferli, hlutverk skólans er að tryggja að hver einstaklingur fái bæði tækifæri og nauðsynlegan stuðning til að njóta sín.



Mynd 3 - Virkt og skapandi reynsluferli í námi

Mynd 3 sýnir námið sem virkt og skapandi reynsluferli. Nemandinn er í miðjunni studdur af kennurum og því námsumhverfi sem háskólinn býður upp á. Þekking, leikni og hæfni nemenda verður til með þátttöku þeirra í verkefnum sem tengjast atvinnulífi, samfélagi og menningu. Nemendur þjálfast í virkri og skapandi hugsun í gegnum verkefni sem krefjast samþættingar og þverfagleika. Skipulag og uppbygging námsins er með þeim hætti að reglulega takast nemendur á við þemaverkefni sem annars vegar samþætta grunnþætti og lykilhæfni aðalnámskrár og hins vegar tengja atvinnulíf, samfélag og menningu við nám nemenda. Námið er byggt upp með þeim hætti að það endurspegli líka gildi skólans um *samvinnu, frumkvæði og ábyrgð*.

### **Námsmat**

Námsmat við Háskólann á Bifröst byggir að verulegu leyti á símati og sama gildir um Háskólagátt. Nemendur vinna verkefni jafnt og þétt yfir önnina og taka þátt í umræðum og þematengdri vinnu sem gert er ráð fyrir í skipulagi námsins hverja önn. Námskeiðum lýkur alla jafna með lokaprófum, skriflegum eða munnlegum, þótt í sumum tilfellum geti allt námsmat verið bundið við verkefnavinnu og þátttöku.

Auk símats og lokaeinkunnar sem byggð er meðal annars á frammistöðu í fjölbreytilegri verkefnavinnu leggur skólinn áherslu á að kennarar veiti nemendum mikla endurgjöf, bæði munnlega og skriflega. Nemendur eiga jafnan að geta fengið skýringar á einkunnagjöf auk þess sem kennarar miða athugasemdir sínar við að nemendur geti nýtt sér þær við að bæta árangur sinn. Þetta þýðir að umtalsverður hluti af vinnu kennarans fer í einstaklingsmiðaða endurgjöf.

Kennsla, námsmat og skipulag kennslu fer fram samkvæmt [F110 reglum um nám og kennslu](#) sem má finna í gæðahandbók Háskólans á Bifröst. Þar má einnig finna [reglur um lokapróf](#) og ýmsar leiðbeiningar fyrir nemendur.

## Hæfniviðmið

Nám í Háskólagátt er á þriðja þrepi framhaldsskólanáms og uppfyllir skilyrði aðalnámskrár til stúdentsmenntunar á því þrepi. Það er einnig skipulagt í samræmi við lög um framhaldsskóla, 92/2008. Öll vinna nemenda er metin í stöðluðum námseiningum (f-einingar). Ein námseining (f-einingar) samsvarar 18-24 klukkustunda vinnu meðalnemanda, það er að segja þriggja daga vinnu nemenda ef gert er ráð fyrir sex til átta klukkustunda vinnu að meðaltali á dag eftir eðli viðfangsefna og afkastagetu nemenda. Við útreikning á fjölda f- eininga er tekið tillit til allrar vinnu nemanda sem tengist áfanga.

Við námslok á nemandi að geta sýnt fram á eftirfarandi þekkingu, leikni og hæfni.

### Þekking

Nemandi:

- Hefur aflað sér undirstöðuþekkingar í kjarnagreinum framhaldsskólans sem nýtist í starfi og til undirbúnings fyrir frekara nám.
- Hefur skilning á grunngreinum hug- og félagsvísinda sem skapa nauðsynlega undirstöðu fyrir háskólanám á þeim sviðum.
- Býr yfir nægilega fjölbreyttum orðaforða til að tjá þekkingu sína og skoðanir og færa haldbær rök fyrir þeim..
- Kann að lesa í félagslegt og menningarlegt umhverfi og áttar sig á mismuni menningarsamfélaga
- áttar sig á tengslum skóla og atvinnulífs.
- Skilur hlutverk virks og ábyrgs borgara í þekkingarsamfélagi.
- Þekkir til alþjóðlegs vísinda- og fræðasamfélags og skilur tengsl þess við íslenskt rannsóknarsamfélag.
- Hefur tilfinningu fyrir eðli og framkvæmd lýðræðislegra ákvarðana við ólíkar aðstæður.
- Hefur orðaforða og þekkingu á erlendu tungumáli sem nýtist til frekara náms.

### Leikni

Nemandi:

- Er fær um að tjá sig á skýran, gagnrýninn og skapandi hátt um helstu undirstöður hug- og félagsvísinda.
- Kann að beita viðeigandi tækni og aðferðum sem tengjast námi á sviði hug- og félagsvísinda, stærðfræði þar með talinni.
- Hefur allar forsendur til að sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum við að leita lausna og afla nýrrar þekkingar.
- Er fær um að taka ábyrgan þátt í samræðum um samfélagsleg málefni.
- Getur fjallað um kjarnagreinar framhaldsskólans og grunngreinar hug- og félagsvísinda af skilningi.

## Hæfni

Nemandi:

- Getur tjáð skoðanir og gert grein fyrir starfsaðferðum sínum á ábyrgan og gagnrýninn hátt.
- Getur tjáð sig og tileinkað sér efni og upplýsingar á erlendu tungumáli hvort sem það er í tengslum við starf eða frekara nám.
- Sýnir ábyrgð í starfi, í sköpun og þegar þekkingu er beitt.
- Getur nýtt þekkingu sína til að greina ný tækifæri í umhverfinu og til að takast á við frekara nám.
- Er fær um að leggja gagnrýnið mat á eigið vinnuframlag.
- Er virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi.
- Getur sett menntun sína í alþjóðlegt samhengi.
- Getur tengt þekkingu sína og leikni við tækni og vísindi.

## Áfangalýsingar

### 550.5.0.ÍSL1 - Íslenska I

**Lýsandi heiti áfanga:** Málnotkun og ritun

**Heiti áfanga í aðalnámskrá:** ÍSL 212

**Hæfniprep:** Áfanginn er á hæfniprepi 2

**Framhaldsskólaeiningar:** 5

**Undanfari:** 550.4.0.ÍSL Áfangi á hæfniprepi 1

#### **Kennsluaðferðir**

Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar, en byggja á samþættingu verkefnavinnu og leiðsagnar, þar sem áhersla er á virkt verkefnadrið nám. Fyrirlestur er miðlað með hljóð og mynd í gegnum kennslukerfi skólans og í kennslustofu, en kennari ver hluta tíma síns með nemendum til að leiðbeina við verkefnavinnu.

#### **Lýsing á innihaldi áfanga**

Í áfanganum verður fjallað um málstefnu, málfræði og málsnið og nemendur þjálfaðir í ritun og heimildavinnu; málfræði, stafsetningu og greinarmerkjasetningu.

#### **Lokamarkmið áfanga**

**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:**

- Mismundandi ritun, þ.e. persónurritun, rökfærslu, ritdómi og skáldverki
- Ritgerðarsmið, þ.e. uppbyggingu, meðferð og skráningu heimilda
- Heimildavinnu og framsetningu heimildaskrár
- Mismunandi tegundum nytjatekta
- Muninum á talmáli og ritmáli.

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- Rita heimildaritgerðir þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun við úrvinnslu og kemur efninu á Framfæri á skýran og greinargóðan hátt á blæbrigðaríku máli
- Ganga frá heimildaritgerðum og hvers kyns texta og að nýta sér uppbyggilega gagnrýni
- Skilja og nota viðeigandi stílbrögð, orðatiltæki og menningarlegar vísanir í tal- og ritmáli
- Draga saman og nýta á viðurkenndan og gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum og meta áreiðanleika þeirra
- Flytja af öryggi vel uppbyggða kynningu á krefjandi efni
- Nýta málfræðihugtök af öryggi í umræðum um málið og þróun þess, menningu og sögu
- Greina mismunandi málsnið

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- Skrifa skýran og vel uppbyggðan texta og geta valið ritstíl eftir aðstæðum og viðtakendum
- Beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður
- Tjá rökstudda afstöðu og taka virkan þátt í málefnalegri umræðu
- Draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta, átta sig á samfélagslegri skírskotun og ná dulduðum boðskap og hugmyndum
- Sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Geta gert grein fyrir helstu réttitunar- og greinarmerkjareglum í íslensku og beitt þeim í rituðu máli
- Geta skilgreint og bent á málvillur og rökleysur í íslensku og gert tillögur um það sem betur má fara

#### **Námsmat**

Námsmat getur verið byggt á verkefnum, umræðum, prófum og sjálfsmati svo eitthvað sé nefnt.

Námsmat er nánar skilgreint í kennsluáætlun.

#### **Kennslugögn**

Listi yfir kennslugögn er birtur í kennsluáætlun.

## 550.5.0.ÍSL2 - Íslenska II

**Lýsandi heiti áfanga:** Íslenskar bókmenntir frá fyrstu tíð og fram til siðbreytingar um 1550

**Heiti áfanga í aðalnámskrá:** ÍSL 303

**Framhaldsskólæiningar:** 5

**Hæfniprep:** Áfanginn er á hæfniprepi 2

**Undanfari:** 550.5.0.ÍSL1 (Áfangi á hæfniprepi 2)

### **Kennsluáðferðir**

Kennsluáðferðir eru fjölbreyttar, en byggja á samþættingu verkefnavinnu og leiðsagnar, þar sem áhersla er á virkt verkefnadrifið nám. Fyrirlestur er miðlað með hljóð og mynd í gegnum kennslukerfi skólans og í kennslustofu, en kennari ver hluta tíma síns með nemendum til að leiðbeina við verkefnavinnu.

### **Lýsing á innihaldi námskeiðs**

Í áfanganum verður farið yfir íslenskar bókmenntir frá fyrstu tíð og fram til siðbreytingar um 1550.

### **Lokamarkmið áfanga**

**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á**

- Orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu
- Hversu fjölbreyttar íslenskar fornbókmenntir eru, bæði að efni og formi og hvernig fornbókmenntir kallast á við samtímann
- Hversu mikilvægur bókmenntaarfurinn er fyrir sjálfsmynd þjóðarinnar og hvers einstaklings
- Hvernig fjallað er með skipulegum hætti um ákveðna texta, þeir skilgreindir og túlkaðir
- Málkennd og þjálfun í meðferð talaðs og ritaðs máls

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- Greina texta og skilja meðhöndlun móðurmálsins
- Útskýra og miðla með skýrum og skipulegum hætti og draga út aðalatriði, bæði munnlega og skriflega

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- Setja texta frá ólíkum tímum í sögulegt samhengi og leggja sjálfstætt mat á gildi þeirra í samtímanum
- Greina stíleinkenni þeirra texta sem lesnir eru
- Gera grein fyrir umfjöllun fræðimanna um miðaldabókmenntir

### **Námsmat**

Námsmat getur verið byggt á verkefnum, umræðum, prófum og sjálfsmati svo eitthvað sé nefnt.

Námsmat er nánar skilgreint í kennsluáætlun.

### **Kennslugögn**

Listi yfir kennslugögn er birtur í kennsluáætlun.

### 550.5.0.ÍSL3 - Íslenska III

**Lýsandi heiti áfanga:** Bókmenntir frá lærdómsöld til fullveldis

**Heiti áfanga í aðalnámskrá: ÍSL 403**

**Framhaldsskólaeiningar: 5**

**Hæfniprep:** Áfanginn er á hæfniprepi 3

**Undanfari:** 550.5.0.ÍSL2 (Áfangi á hæfniprepi 3)

#### **Kennsluaðferðir**

Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar, en byggja á samþættingu verkefnavinnu og leiðsagnar, þar sem áhersla er á virkt verkefnadrifið nám. Fyrirlestur er miðlað með hljóð og mynd í gegnum kennslukerfi skólans og í kennslustofu, en kennari ver hluta tíma síns með nemendum til að leiðbeina við verkefnavinnu.

#### **Lýsing á innihaldi námskeiðs**

Í áfanganum verður farið yfir bókmenntasögu og bókmenntastefnur. Bókmenntasaga síðari alda fram til dagsins í dag verða kynntar.

#### **Lokamarkmið áfanga**

**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:**

- Helstu stefnum og straumum frá 1550-1900.
- Helstu hugtökum málfræði og setningarfræði.
- Nokkrum helstu höfundum og verkum tímabilsins.
- Algengustu stílbrogðum í texta, bæði bundnu og óbundnu.
- Rannsóknarspurningu, heimildavinnu og úrvinnslu tilvitnana.

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í:**

- Að lesa mismunandi texta frá tímabilinu.
- Ritun heimildaritgerða þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun við úrvinnslu og kemur efninu á framfæri á skýran og greinargóðan hátt á blæbrigðaríku máli
- Frágangi heimildaritgerða og hvers kyns texta og að nýta sér uppbyggilega gagnrýni annarra til betrubóta
- Að skilja og nota viðeigandi stílbrogð, orðatiltæki og menningarlegar vísanir í tal- og ritmáli
- Að draga saman og nýta á viðurkenndan og gagnrýnn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum, hvort sem er í ræðu eða riti, og meta áreiðanleika þeirra
- Að flytja af öryggi og sannfæringarkrafti vel upp byggða ræðu eða ítarlega kynningu á flóknu efni.
- Að lesa allar gerðir ritaðs máls að fornu og nýju sér til gagns og gamans, skilja lykilhugtök og greina mismunandi sjónarmið.
- 

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- Skrifa skýran og vel uppbyggðan texta og geta valið ritstíl eftir aðstæðum og viðtakendum.
- Beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður í ræðu og riti.
- Draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta, átta sig á samfélagslegum skírskotunum og ná dulduðum boðskap og hugmyndum.
- Sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í málflutningi sínum, umfjöllun og verkum.
- 

#### **Námsmat**



Námsmat getur verið byggt á verkefnum, umræðum, prófum og sjálfsmati svo eitthvað sé nefnt. Námsmat er nánar skilgreint í kennsluáætlun.

**Kennslugögn**

Listi yfir kennslugögn er birtur í kennsluáætlun.

## 550.5.0.ÍSL4 - Íslenska IV

Lýsandi heiti áfanga: Bókmenntir á 20. öld

Heiti áfanga í aðalnámskrá: ÍSL 503

Framhaldsskólaeiningar: 5

Hæfniprep: Áfanginn er á hæfniprepi 3

Undanfari: 550.5.0.ÍSL3 (Áfangi á hæfniprepi 3)

### Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar, en byggja á samþættingu verkefnavinnu og leiðsagnar, þar sem áhersla er á virkt verkefnadrifið nám. Fyrirlestur er miðlað með hljóð og mynd í gegnum kennslukerfi skólans og í kennslustofu, en kennari ver hluta tíma síns með nemendum til að leiðbeina við verkefnavinnu.

### Lýsing á innihaldi námskeiðs

Í áfanganum verður farið yfir bókmenntasögu og bókmenntastefnur. Bókmenntir síðari alda fram til dagsins í dag verða kynntar.

### Lokamarkmið áfanga

**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:**

- Grunnhugtökum varðandi sögu (sjónarhorn, byggingu, persónusköpun), ljóðstíl (myndmál og stílbrögð) og bragarhætti.
- Helstu stefnum og straumum frá 1900 til samtímans.
- Orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu
- Þekkingu nokkra af helstu höfundum og verkum tímabilsins.
- Mismunandi tegundum bókmennta og nytjatexta.

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í:**

- Ritun heimildaritgerða þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun við úrvinnslu og kemur efninu á framfæri á skýran og greinargóðan hátt á blæbrigðaríku máli
- Frágangi heimildaritgerða og hvers kyns texta og að nýta sér uppbyggilega gagnrýni annarra til betrumbóta
- Að skilja og nota viðeigandi stílbrögð, orðatiltæki og menningarlegar vísanir í tal- og ritmáli
- Að draga saman og nýta á viðurkenndan og gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum, hvort sem er í ræðu eða riti, og meta áreiðanleika þeirra
- Að flytja af öryggi og sannfæringarkrafti vel upp byggða ræðu eða ítarlega kynningu á flóknu efni.
- Að lesa allar gerðir ritaðs máls að fornu og nýju sér til gagns og gamans, skilja lykilhugtök og greina mismunandi sjónarmið.

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- Skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta og geta valið ritstíl eftir aðstæðum og viðtakendum
- Draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta, átta sig á samfélagslegum skírskotunum og ná duldu boðskap og hugmyndum
- Leggja mat á og efla eigin málfærni og annarra, til dæmis með því að nýta málfraeðiupplýsingar og þekkingu sína á íslenska málkerfinu
- Beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður í ræðu og riti
- Tjá rökstudda afstöðu við ýmsar kringumstæður, útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum til að komast að vel ígrundaðri niðurstöðu

- Sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í málflutningi sínum, umfjöllun og verkum.

**Námsmat**

Námsmat getur verið byggt á verkefnum, umræðum, prófum og sjálfsmati svo eitthvað sé nefnt. Námsmat er nánar skilgreint í kennsluáætlun.

**Kennslugögn**

Listi yfir kennslugögn er birtur í kennsluáætlun

### 550.4.0.STÆ1 – Stærðfræði I

**Lýsandi heiti áfanga:** Algebra, rúmfræði, föll og prósentureikningur

**Heiti áfanga í aðalnámskrá: STÆ 103**

**Framhaldsskólaeiningar: 3**

**Hæfniprep:** Áfanginn er á hæfniprepi 1

**Lokamarkmið áfanga**

**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:**

- Hafa öðlast þekkingu og náð valdi á grunnatriðum almennrar stærðfræði sbr. lýsingu námskeiðs.
- Hafa öðlast skilning og tilfinningu á föllum er finnast í hinum ýmsu myndum ásamt þeim verkfærum sem notuð eru til að rannsaka föll s.s. formengi, varpmengi og myndrænni framsetningu.
- Hafa kynnst því hvernig stærðfræðin nýtist til að koma til skila tölulegum upplýsingum á skilmerkilegan hátt.

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- Leysa dæmi í algebru, brota og prósentureikningi, veldisreikningi, reikningi með jöfnur og ójöfnur
- Nota gröf, línurit og aðra myndrænar aðferðir við framsetningu dæma og gagna

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til miðlunar í mæltu og rituðu máli:**

- Unnið með merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu
- Beitt gagnrýninni og skapandi við lausn yrtra verkefna, leyst þrautir með skipulegum aðferðum og uppsetningu jafna.
- Klætt yrt verkefni í stærðfræðilegan búning, leyst og túlkað lausnina.
- Fylgt röksemdafærslu í mæltu máli og texta
- Geta unnið með hugtök í námsefninu í tengslum við þemavinnu þar sem fléttað er saman ólíkum námsgreinum til greiningar og þekkingaröflunar í samfélagstengdum viðfangsefnum

#### **Námsmat**

Námsmat getur verið byggt á verkefnum, umræðum, prófum og sjálfsmati svo eitthvað sé nefnt. Námsmat er nánar skilgreint í kennsluáætlun.

#### **Kennslugögn**

Listi yfir kennslugögn er birtur í kennsluáætlun

## 550.5.0.STÆ2 - Stærðfræði II

**Lýsandi heiti áfanga:** Föll, veldi, náttúrulegir lógaritmar, diffrun, runur og raðir

**Heiti áfanga í aðalnámskrá: STÆ 203**

**Framhaldsskólaeiningar:** 5

**Hæfniprep:** Áfanginn er á hæfniprepi 2

**Undanfari:** 550.4.0.STÆ1 (Áfangi á hæfniprepi 1)

### Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar, en byggja á samþættingu verkefnavinnu og leiðsagnar, þar sem áhersla er á virkt verkefnadrifið nám. Fyrirlestur er miðlað með hljóð og mynd í gegnum kennslukerfi skólans og í kennslustofu, en kennari ver hluta tíma síns með nemendum til að leiðbeina við verkefnavinnu.

### Lýsing á innihaldi áfanga

Í þessum áfanga verða tekin fyrir eftirfarandi viðfangsefni stærðfræðinnar:

- Föll, veldi og náttúrulegir lógaritmar
- Vaxtaraði og afleiður og diffrun
- Endanlegar og óendanlegar runur og raðir

### Lokamarkmið áfanga

**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:**

- Hvernig föll eru túlkuð með diffrun.
- Einföldum runum og röðum, endanlegum og óendanlegum.
- Hvað lograföll eru og kunna að beita þeim við útreikninga.

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- Vinna með logaritma
- Greina og reikna verkefni sem tengjast runum og röðum
- Diffra margliður

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til miðlunar í mæltu og rituðu máli:**

- Skráð lausnir sínar skipulega, skipst á skoðunum við aðra um þær og útskýrt hugmyndir sínar og verk skilmerkilega í mæltu máli og myndrænt, áttað sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu hugmynda og viðfangsefna og valið aðferð við hæfi,
- Sett sig inn í og túlkað útskýringar og röksemdir vegna viðfangsefna námskeiðs
- Greint og hagnýtt stærðfræðilegar upplýsingar, hvort sem er í töluðu eða rituðu máli, myndrænt eða í töflum.
- Unnið með merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu, áttað sig á hvers konar spurningar leiða til stærðfræðilegra viðfangsefna, hvaða svara megi vænta og spurt slíkra spurninga,
- Geta hagnýtt sér stærðfræðilega þekkingu til lausna þrauta og verkefna
- Geta beitt gagnrýninni og skapandi hugsun við lausn yrtra verkefna, leyst þrautir með skipulegum leitaraðferðum og uppsetningu jafna.
- Geta klætt yrt verkefni í stærðfræðilegan buning, leyst og túlkað lausnina.
- Fylgt röksemdafærslu í mæltu máli og texta
- Geta unnið með hugtök í námsefninu í tengslum við þemavinnu þar sem fléttað er saman ólíkum námsgreinum til greiningar og þekkingaröflunar í samfélagstengdum viðfangsefnum

### Námsmat

Námsmat getur verið byggt á verkefnum, umræðum, prófum og sjálfsmati svo eitthvað sé nefnt. Námsmat er nánar skilgreint í kennsluáætlun.

### Kennslugögn

Listi yfir kennslugögn er birtur í kennsluáætlun

### **550.5.0.STÆ3- Stærðfræði III**

**Lýsandi heiti áfanga:** Föll, markgildi, deildarreikningur og kynning á heildun

**Heiti áfanga í aðalnámskrá:** STÆ 403

**Framhaldsskólaeiningar:** 5

**Hæfniprep:** Áfanginn er á hæfniprepi 3

**Undanfari:** 550.5.0.STÆ2 (Áfangi á hæfniprepi 3)

#### **Kennsluaðferðir**

Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar, en byggja á samþættingu verkefnavinnu og leiðsagnar, þar sem áhersla er á virkt verkefnadrið nám. Fyrirlestur er miðlað með hljóð og mynd í gegnum kennslukerfi skólans og í kennslustofu, en kennari ver hluta tíma síns með nemendum til að leiðbeina við verkefnavinnu.

#### **Lýsing á innihaldi áfanga**

Í þessum áfanga verða tekin fyrir eftirfarandi viðfangsefni stærðfræðinnar:

Föll: Veldisföll, vísisföll, lograföll, andhverf föll, samskeytt föll, eintæk, átæk og gagntæk föll.

Markgildi og deildun: Markgildishugtakið. Skilgreining á afleiðu falls. Deildun veldisfalla, vísisfalla, lografalla.

Reiknireglur fyrir deildun margfeldis, ræðra falla og samskeyttra falla. Samfeldni og deildanleiki falla.

Aðfellur. Hagnýting deildunar við könnun falla, s.s. að finna staðbundin hágildi og lággildi, einhallabil, beygjuskil og jöfnu snertils. Gröf falla. Notkun deildareiknings við hagnýt viðfangsefni, t.d. útreikning á hraða og hröðun. Söguleg þróun deildareiknings.

Heildun: Kynning á heildun, stofnföll einfaldra veldis-, vísis- og lografalla. Ákveðið og óákveðið heildi.

Flatarmál svæða sem afmarkast af gröfum falla reiknað með heildun.

#### **Lokamarkmið áfanga**

##### **Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:**

- Föllum, markgildum og deildun, s.s. að framan greinir og hafa fengið nasasjón af heildun
- Tegrún og geta leyst einföld tegrúnardæmi.

##### **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

Vinna með vísis- og lograföll með mismunandi grunntölum

Finna andhverfur falla og að skeyta sama föllum

Nota markgildi og skilgreiningu á afleiðu falls

Deilda veldisföll, vísisföll og lograföll og að nota reiknireglur fyrir deildun margfeldis, ræðra falla og samskeyttra falla

Nota deildareikning við könnun falla, einkum að finna staðbundin útgildi, einhallabil, beygjuskil, jöfnu snertils, aðfellur og að teikna gröf falla og að kanna samfeldni og deildanleika falla

Finna stofnföll einfaldra falla s.s. veldisfalla, vísisfalla og lnx, reikna ákveðið og óákveðið heildi og reikna flatarmál svæða sem afmarkast af einföldum föllum

Leysa hagnýt dæmi þar sem beita þarf deildun eða einfaldri heildun, t.d. útreikningum á vegalengd, hraða eða hröðun

##### **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til miðlunar í mæltu og rituðu máli:**

Skráð lausnir sínar skipulega, skipst á skoðunum við aðra um þær og útskýrt hugmyndir sínar og verk skilmerkilega í mæltu máli og myndrænt, áttað sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu hugmynda og viðfangsefna og valið aðferð við hæfi,

Sett sig inn í og túlkað útskýringar og röksemdir vegna viðfangsefna námskeiðs,

Greint og hagnýtt stærðfræðilegar upplýsingar, hvort sem er í töluðu eða rituðu máli, myndrænt eða í töflum,

Unnið með merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu, áttað sig á hvers konar spurningar leiða til stærðfræðilegra viðfangsefna, hvaða svara megi vænta og spurt slíkra spurninga,

Geta hagnýtt sér stærðfræðilega þekkingu til lausna þrauta og verkefna,

Geta beitt gagnrýninni og skapandi hugsun við lausn yrtra verkefna, leyst þrautir með skipulegum leitaráðferðum og uppsetningu jafna,

Geta klætt yrt verkefni í stærðfræðilegan búning, leyst og túlkað lausnina,  
Fylgt röksemdafærslu í mæltu máli og texta,  
Geta unnið með hugtök í námsefninu í tengslum við þemavinnu þar sem fléttað er saman ólíkum námsgreinum  
til greiningar og þekkingaröflunar í samfélagstengdum viðfangsefnum

**Námsmat**

Námsmat getur verið byggt á verkefnum, umræðum, prófum og sjálfsmati svo eitthvað sé nefnt. Námsmat er  
nánar skilgreint í kennsluáætlun.

**Kennslugögn**

Listi yfir kennslugögn er birtur í kennsluáætlun

## 550.5.0.STÆ4 - Stærðfræði IV

**Lýsandi heiti áfanga:** Mengi, talningafræði, tölfræði og líkindareikningur

**Heiti áfanga í aðalnámskrá:** STÆ 313

**Framhaldsskólaeiningar:** 5

**Hæfniprep:** Áfanginn er á hæfniprepi 2

**Undanfari:** 550.5.0.STÆ1 (Áfangi á hæfniprepi 2)

### **Kennsluaðferðir**

Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar, en byggja á samþættingu verkefnavinnu og leiðsagnar, þar sem áhersla er á virkt verkefnadrið nám. Fyrirlestur er miðlað með hljóð og mynd í gegnum kennslukerfi skólans og í kennslustofu, en kennari ver hluta tíma síns með nemendum til að leiðbeina við verkefnavinnu.

### **Lýsing á innihaldi áfanga**

Í þessum áfanga verða tekin fyrir eftirfarandi viðfangsefni stærðfræðinnar:

Mengi, talningar og grunnatriði rökfræði

Tölfræði, líkindareikningur, miðsækni, dreifing og ályktunartölfræði

### **Lokamarkmið áfanga**

**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:**

Viðfangsefnum mengjafræði og talningafræði

Grunnatriðum líkindareiknings og tölfræði

Hvað er þýði og úrtaki og hvernig þessi hugtök eru notuð

### **Nemandi skal hafa öðlast leikni í:**

Og kunna helstu talningaraðferðir

Að greina og leysa einföld viðfangsefni mengjafræði

Að reikna meðaltal, staðalfrávik, miðgildi og fylgni.

Að greina og lesa úr myndrænni framsetningu á talnasöfnum.

Að notað Excel við að leysa einföld tölfræðileg verkefni.

Að þekja til, og kunna einfalda útreikninga á normaldreifingu.

### **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til miðlunar í mæltu og rituðu máli:**

Skráð lausnir sínar skipulega, skipst á skoðunum við aðra um þær og útskýrt hugmyndir sínar og verk skilmerkilega í mæltu máli og myndrænt, áttað sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu hugmynda og viðfangsefna og valið aðferð við hæfi, sett sig inn í og túlkað útskýringar og röksemdir vegna viðfangsefna námskeiðs, greint og hagnýtt stærðfræðilegar upplýsingar, hvort sem er í töluðu eða rituðu máli, myndrænt eða í töflum, unnið með merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu, áttað sig á hvers konar spurningar leiða til stærðfræðilegra viðfangsefna, hvaða svara megi vænta og spurt slíkra spurninga, geta hagnýtt sér stærðfræðilega þekkingu til lausna þrauta og verkefna, geta beitt gagnrýninni og skapandi hugsun við lausn yrtra verkefna, leyst þrautir með skipulegum leitaráðferðum og uppsetningu jafna, geta klætt yrt verkefni í stærðfræðilegan búning, leyst og túlkað lausnina, fylgt röksemdafærslu í mæltu máli og texta, geta unnið með hugtök í námsefninu í tengslum við þemavinnu þar sem fléttað er saman ólíkum námsgreinum til greiningar og þekkingaröflunar í samfélagstengdum viðfangsefnum

### **Námsmat**

Námsmat getur verið byggt á verkefnum, umræðum, prófum og sjálfsmati svo eitthvað sé nefnt. Námsmat er nánar skilgreint í kennsluáætlun.

### **Kennslugögn**

Listi yfir kennslugögn er birtur í kennsluáætlun



## 550.5.0.STÆ4 - Stærðfræði V

**Lýsandi heiti áfanga:** Heildun, heildunaraðferðir, flatarmáls- og rúmmálsreikningar með heild, deildajöfnur af rýsta stigi, runur og raðir

**Heiti áfanga í aðalnámskrá:** STÆ503

**Framhaldsskólaeiningar:** 5

**Undanfari:** 550.5.0.STÆ3

### **Kennsluaðferðir**

Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar, en byggja á samþættingu verkefnavinnu og leiðsagnar, þar sem áhersla er á virkt verkefnadrifid nám. Fyrirlestur er miðlað með hljóð og mynd í gegnum kennslukerfi skólans og í kennslustofu, en kennari ver hluta tíma síns með nemendum til að leiðbeina við verkefnavinnu.

### **Lýsing á innihaldi áfanga**

**Í þessum áfanga verða tekin fyrir eftirfarandi viðfangsefni stærðfræðinnar:**

- Heildun: Stofnföll, ákveðið og óákveðið heildi. Reiknireglur fyrir heildi. Flatarmál svæða sem afmarkast af gröfum falla reiknað með heildun. Hagnýting heilda, t.d. við lausn verkefna sem tengjast fjölda, magni, vegalendum og hraða. Heildunaraðferðir, s.s. innsetning, hlutheildun og liðun í stofnbrot. Rúmmál snúðs þegar snúid er um  $x$ -ás eða  $y$ -ás. Tengsl deildunar og heildunar.
- Deildajöfnur: Fyrsta stigs deildajöfnur af ýmsum gerðum, s.s. óhliðraðar ( $y' + ay = 0$ ), hliðraðar ( $y' + ay = f(x)$ ), aðskiljanlegar ( $g(y) \cdot y' = f(x)$ ) og leysanlegar með heildunarþætti ( $y' + g(x) \cdot y = f(x)$ ). Notkun deildajafna við lausn hagnýtra dæma af ólíkum toga.
- Runur og raðir: Endanlegar og óendanlegar runur og raðir. Jafnmuna- og jafnhlutfallarunur og raðir. Samleitnar, óendanlegar jafnhlutfallaraðir. Hagnýting runa og raða í verkefnum tengdum fjármálum og náttúruvísindum. Sannanir með stærðfræðilegri þrepun.

### **Lokamarkmið áfanga**

**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:**

- Heildun, fyrsta stigs deildajöfnu, runum og röðum

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- Finna stofnföll og beita heildunaraðferðum til að heilda flóknari föll
- Reikna ákveðin heildi og finna flatarmál og rúmmál með heildareikningi
- Greina á milli ólíkra gerða fyrsta stigs deildajafna og leysa þær með viðeigandi aðferðum
- Vinna með jafnmuna- og jafnhlutfallarunur og raðir
- Nota þrepunarlögmálið til þess að sanna að fullyrðing gildi um allar náttúrulegar tölur
- Leysa hagnýt dæmi þar sem nota má heildun, deildajöfnur eða runur og raðir

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til miðlunar í mæltu og rituðu máli:**

- Skráð lausnir sínar skipulega, skipst á skoðunum við aðra um þær og útskýrt hugmyndir sínar og verk skilmerkilega í mæltu máli og myndrænt, áttað sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu hugmynda og viðfangsefna og valið aðferð við hæfi,
- Sett sig inn í og túlkað útskýringar og röksemdir vegna viðfangsefna námskeiðs,
- Greint og hagnýtt stærðfræðilegar upplýsingar, hvort sem er í töluðu eða rituðu máli, myndrænt eða í töflum,
- Unnið með merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu, áttað sig á hvers konar spurningar leiða til stærðfræðilegra viðfangsefna, hvaða svara megi vænta og spurt slíkra spurninga,
- Geta hagnýtt sér stærðfræðilega þekkingu til lausna þrauta og verkefna,
- Geta beitt gagnrýninni og skapandi hugsun við lausn yrtra verkefna, leyst þrautir með skipulegum leitar aðferðum og uppsetningu jafna,
- Geta klætt yrt verkefni í stærðfræðilegan búning, leyst og túlkað lausnina,
- Fylgt röksemdafærslu í mæltu máli og texta,

- Geta unnið með hugtök í námsefninu í tengslum við þemavinnu þar sem fléttað er saman ólíkum námsgreinum til greiningar og þekkingaröflunar í samfélagstengdum viðfangsefnum

#### **Námsmat**

Námsmat getur verið byggt á verkefnum, umræðum, prófum og sjálfsmati svo eitthvað sé nefnt. Námsmat er nánar skilgreint í kennsluáætlun.

#### **Kennslugögn**

Listi yfir kennslugögn er birtur í kennsluáætlun

## 550.5.0.ENS1 - Enska I

**Lýsandi heiti áfangs:** English for Academic Purposes (EAP): Málfræði, ritun og orðaforði

**Heiti áfanga í aðalnámskrá:** ENS 203

**Framhaldsskólacainingar:** 5

**Hæfniprep:** Áfanginn er á hæfniprepi 2

**Undanfari:** Áfangi á hæfniprepi 2 (a.m.k. á þrepi A2 skv. evrópsku tungumálamöppunni)

### **Kennsluaðferðir**

Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar, en byggja á samþættingu verkefnavinnu og leiðsagnar, þar sem áhersla er á virkt verkefnadrifið nám. Fyrirlestur er miðlað með hljóð og mynd í gegnum kennslukerfi skólans og í kennslustofu, en kennari ver hluta tíma síns með nemendum til að leiðbeina við verkefnavinnu.

### **Lýsing á innihaldi áfanga**

